

5. Sjálfræði

5.b. Aðstæðubundið sjálfræði

Í þessum kafla er rætt áfram um viðhorf aðstoðarfólks sem stuðlar að því að það geti tekið hlutverk milliliðsins og stuðningsaðilans, viðhorf sem tengist þeirri staðreynd að það að efla sjálfræði notanda í daglegu lífi er lykilatriði í því að gera *hugmyndafræðina um sjálfstætt líf* að veruleika fyrir fólk með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning.

Eins og kom fram í kafla 4 sýndu niðurstöður rannsóknarinnar að margt aðstoðarfólk langi til að notandi geti upplifað sig sem mest sjálfstæðan og ekki eins háðan aðstoðarfólkinu sínu. Það lýsti sér oft í því að aðstoðarfólk leit á það sem markmið að notandi gæti verið einn í kennslustundum eða að aðstoðarfólk upplifði nærveru sína í kennslustundum sem truflandi fyrir notanda. Ef aðstoðarfólk dróg sig út úr aðstæðunum leiddi það þó stundum til þess að notandi missti af tækifæri til þátttöku af því að hann fékk ekki þá aðstoð sem hann þurfti við að tjá sig eða við að finna fyrir öryggi í aðstæðunum.

Í rannsókninni var ályktað að nauðsynlegt væri að efla vitund aðstoðarfólks um *aðstæðubundið sjálfræði*. Hugmyndir um *aðstæðubundið sjálfræði* ganga út á það að sjálfræði er félagslegt fyrirbæri og að notandi geti verið sjálfstæður þó hann þurfi aðstoð við að gera hlutina. Þá er það hlutverk aðstoðarfólksins að skapa aðstæður og hjálpa honum að fara með sjálfræði sitt. Það fer eftir því hvernig aðstoðarfólk vinnur með notanda í aðstæðunum hvort það verði stuðningur eða hindrun í því að notandi nái að rækta sjálfræði sitt. Stuðningur getur falist í að sýna þolinmæði, setja sig í spor notanda og gefa honum tíma. Hindranir geta falist í því að taka fram fyrir hendurnar á notanda, spyrja leiðandi spurninga eða stýra vali hans á einhvern hátt.

Það er mikilvægt að aðstoðarfólk sé meðvitað um hvernig það geti verið stuðningur eða hindrun í því að notandi fái tækifæri til að rækta sjálfræði sitt. Það er líka mikilvægt að það lærir að hugsa um sjálfræði sem aðstæðubundið og hvernig notandi geti orðið sem mest sjálfstæður þó hann þurfi oft að hafa aðstoðarmanneskju hjá sér.

Verkefni: Vinnið saman í litlum hópum og hugsið um einn notanda sem allir í hópnum þekkja vel. Reynið að svara eftirfarandi spurningum:

- Getur notandi verið einn í einhverjum aðstæðum án þess að það komi niður á tækifæri hans/hennar til að fara með sjálfræði sitt? (hafið sérstaklega í huga þörf hans/hennar fyrir öryggi og aðstoð við tjáningu).
- Hvernig getur aðstoðarmanneskja aðstoðað hann/hana við að fara með sjálfræði sitt?
- Hvernig getur aðstoðarmanneskja verið hindrun í því að hann/hún nái að rækta sjálfræði sitt?